

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

Reykjavík, 12. júní 2024
UST202405-150/A.B.
10.05.04

Efni: Grenndarkynning - Framkvæmdaleyfi - Lagning ljósleiðara frá Búrfellsstöð að Hvammsvirkjun - Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa í Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdaleyfi vegna lagningar ljósleiðara frá Búrfellsstöð að Hvammsvirkjun.

Í erindinu kemur fram Orkufjarskipti hf. óski eftir framkvæmdaleyfi til lagningar á ljósleiðara og rafstreng frá Búrfellsstöð að væntanlegri Hvammsvirkjun. Lögnin er ca. 18,5 km löng og er í samræmi við sýnda lagnaleið í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Rafstrengur og 20 mm rör fyrir ljósleiðara verður plægt í jörðu nema á nokkrum stöðum þar sem jarðvegur er grófur, þar verður grafið. 5-6 tengibrunnar verða aðgengilegir á leiðinni til viðhalds og eftirlits.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem strengleiðin mun liggja yfir Þjórsá þarf að vinna áhrifamat í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og í samræmi við markmið vatnaáætlunar 2022-2027 um að allt vatn skuli vera í góðu ástandi.

Öll vatnshlot eiga að uppfylla þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir þau sem í tilfalli straumvatnshlota er að vera í að minnsta kosti góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Vatnshlotið sem strengurinn fer um er Þjórsá 2 (nr. 103-777-R).¹ Markmiðin eru lagalega bindandi og má ástandi vatnshlota ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

Umhverfisstofnun tekur undir umsögn Hafrannsóknastofnunar og telur mikilvægt að farið verði eftir leiðbeiningum hennar til að lágmarka áhrif á vatnshlotið vegna framkvæmdarinnar.

Þjórsárhraun

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að þar sem strengleiðinn liggur í Þjórsárhrauni er mikilvægt að plægt sé í laus jarðlög sem auðvelt sé að ganga frá og sjáanlegar jarðmyndanir

¹ [Vatnavefsja \(vedur.is\)](https://vedur.is)

sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 séu kortlagðar og varðveittar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur